

b, 100 kr. sem styrkur handa Guðmundi Guðmundssyni frá Mýrum í Dýrafirði til að kosta sig á búnaðarskólanum að Steini í Noregi. **89**
29. júlí.

Um leið og jeg hjer með samþykki þessar tillögur, læt jeg fylgja ávísun á 220 kr. til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins í þessu tilliti.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hjónaskilnað.* — Í þóknanlegu brjefi frá 19. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður spurt, hvort vald það, er veitt var amtmönnum með tilsk. 21. desbr. 1831 I. 1. d. til að leyfa algjörðan hjónaskilnað fyrir hjón, sem lifað hafa aðskilin að borði og sæng eptir leyfisbrjefi amtsins um mínnst 3 ár, og bæði óska skilnaðarins, hafi verið skert með augl. 22. febr. f. á. um verksvið landshöfðingja, þar sem 17. gr. mælir svo fyrir, að landshöfðingi skuli gefa út leyfisbrjef þau, sem nefnd eru í konungsráðgjafanum 25. maí 1844, 3., 4. og 5. til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá DL. 3—16—8, og leyfisbrjef til hjónaskilnaðar. **90**
29. júlí.

Fyrir þessa sök skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að þótt hin tilvitnuðu orð sjeu ekki alveg ljós, verð jeg að vera á því, að það hafi ekki verið tilgangur hins nefnda lagastáðar að breyta verksviði amtmanna, og að að eins myndugleiki sá til «ad mandatum» að gefa út leyfisbrjef til algjörðs hjónaskilnaðar, sem áður heyrði undir ráðgjafann eða kansellið, og getur um í 4. og 5. gr. konungsráðgjafanum 25. maí 1844, nú hafi verið lagður undir landshöfðingja. Amtmennirnir verða því framvegis eins og hingað til að veita algjörðan hjónaskilnað, þegar bæði hjónin æskja hans eptir hinn lögboðna tíma. Ef þar á móti algjörðs hjónaskilnaðar er beiðzt að eins af því, að annað hjónanna hefir verið dæmt í hegningarföngu í 3 ár eða lengur, eða ef annað hjónanna mótmælir skilnaðarleyfinu, þó þau hafi verið skilin að borði og sæng í 3 ár eða lengur, þer að leyta til landshöfðingja um leyfið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um húsmennskuleyfi.* — Í þóknanlegu brjefi frá 2. þ. m. meðtók jeg álit herra amtmannsins um bönarbrjef með 4 fylgiskjölum, þar sem Rögnvaldur Rögnvaldsson á Rauðará fer fram á, að hann megi taka sjer fasta dvöl hjer í bænum, þrátt fyrir það, að fátækra-
stjórn bæjarins hafi synjað sjer um þetta. Hafið þjer getið þess að nefnd fátækra-
stjórn, hafi á síðari árum verið mjög treg á að veita utanbæjarmönnum húsmennskuleyfi, og að hún hafi að yðar hyggju á stundum farið lengra í því tilliti en góðu hófi gegni, og ekki nógilega gætt hins náttúrulega rjettar, sem hver maður með óflekkað mannorð hefir til að leita sjer atvinnu þar sem hann vill, meðan hann verður ekki öðrum til þyngsla. Þó að þjer með úrskurði frá 29. apríl þ.á., eptir að beiðandanum, sem fengið hafði húsmennskuleyfi um eitt ár, hafði verið neitað um lengingu á þessu leyfi, hafið ekki fundið næga ástæðu til að ónýta þessa ákvörðun fátækra-
stjórnarinnar, virðist yður samt, að hinar nýju skýringar sem komið hafi fram í málinu, gjöri það sennilegt, að gjört hafi verið of mikið úr því, hve óálitlegur efnahagur hlutadeiganda væri. Þar að auki hafið þjer tekið fram, að það sje vafasamt, hvort það sje löglegt, eins og gjört hefir verið í þessu máli að binda húsmennskuleyfið við víst tímabil, og að sveitarstjórn varla samkvæmt tilskipun 26. maí 1863 geti vísað burt þeim manni, er hún einusinni hefði leyft að gjörast húsmáður. **91**
5. ágúst.

Fyrir þessa sök skal yður, herra amtmaður, tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir